

Nefndarálit

um frumvarp til fjáralagalaga fyrir árið 2012.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármála-
ráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Nefndin hefur einnig farið yfir þau erindi sem hafa borist nefndinni. Meiri hlutinn gerir
breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 1.243,1 m.kr. til lækkunar gjalda og
4.344,8 m.kr. til lækkunar tekna á rekstrargrunni.

Áhrif þessara breytinga á heildarfjárhæðir frumvarpsins eru sýnd í eftirfarandi töflu.

Í milljörðum kr.	Fjárlög 2012	Fjáralagalaga- frumvarp	Breytingartillaga 2. umr.	Samtals
Frumtekjur	501,8	8,4	-1,6	508,6
Frumgjöld	465,9	9,4	3,1	478,5
Frumjöfnuður	35,9	-1,0	-4,8	30,1
Vaxtatekjur	21,1	2,2	-2,7	20,6
Vaxtagjöld	77,8	3,1	-4,4	76,5
Vaxtajöfnuður	-56,7	-0,9	1,7	-55,9
Heildartekjur	522,9	10,6	-4,3	529,2
Heildargjöld	543,7	12,5	-1,2	555,0
Heildarjöfnuður	-20,7	-1,9	-3,1	-25,8

Fjáralagalög hvers árs endurspeгла að miklu leyti hvernig til tókst með framkvæmd fjár-
laga innan ársins. Að öllu jöfnu má miða við að ef umfang gjaldahliðar fjáralagalaga lækkar
milli ára hafi betur tekist til en áður með að halda fjárlög.

Tekjuhlið fjáralagalaga er aftur á móti frekar tengd þjóðhagsspa og óreglulegum liðum
eins og eignasölu. Tekjuáætlun ríkissjóðs gerir nú ráð fyrir 4,3 milljarða kr. lækkun frá fjár-
aukalagafrumvarpinu. Veigamesta skýringin liggur í 2,7 milljarða kr. lækkun vaxtatekna þar
sem evruvextir hafa lækkað mikið og er leiðrétt fyrir því nú við 2. umræðu. Þá hefur inn-
heimta veiðigjalds og fjármagnstekjuskatts lögaðila verið endurmetin til lækkunar. Á móti
vegur að hluta til meiri innheimta auðlegðarskatts.

Til margra ára hefur Ríkisendurskoðun, og reyndar einnig Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn,
bent á nauðsyn þess að takmarka útgjöld með því að draga úr vægi fjáralagalaga, m.a. með
því að hafa varasjóð í fjárlögum hverju sinni til þess að mæta óvæntum útgjöldum.

Á undanförunum árum hefur tekist að koma á breytingum í þá veru að takmarka viðbótar-
gjaldaheimildir í fjáralögum, þrátt fyrir niðurskurð á hverju ári allt frá árinu 2009. Að
viðbættum tillögum fjárlaganefndar nema viðbótarheimildir nú rétt rúmum 2% af fjárlögum

ársins. Það er eigi að síður heldur herra hlutfall en gengur og gerist í flestum nágranna- löndum okkar.

Línuritið sýnir umfang fjárukalaga sem hlutfall af fjárlögum hvers árs, bæði með og án vaxtagjalda. Eins og sjá má aukast sveiflurnar ef vaxtagjöldin eru meðtalin. Til skýringar á árinu 2010 má benda á að þá voru vaxtagjöldin endurmetin í fjárukalögum og lækkuðu um 24.037 m.kr. frá fjárlögum.



Eins og fram kemur á línuritinu er þróunin jákvæð að því leyti að eftir bankahrunið er umfang fjárukalaga mun lægra en á árum áður þegar þau námu ár eftir ár á bilinu 5–8% af fjárlögum hvers árs. Nú er hlutfallið komið niður í tæp 3% fyrir utan árið 2011 þegar nauðsynlegt reyndist að endurmeta og hækka almannatryggingar í fjárukalögum. Meiri hluti fjárlaganefndar telur að gera megi enn betur og að með samstilltu átaki og áætlanagerð með stækkandi varasjóði í fjárlögum ættu útgjaldaheimildir í fjárukalögum að heyra til undantekninga.

Langtímaáætlun í ríkisfjármálum sýnir glögglega að ekki má undir neinum kringumstæðum draga úr þeim aukna aga sem þó hefur tekist að koma á í ríkisútgjöldum á síðastliðnum árum. Vaxtakostnaður ríkissjóðs nemur um 15% af áætluðum heildartekjum á næsta ári og getur hæglega aukist þótt heildarskuldir lækki sökum þess að stór hluti lánskjara hans er háður markaðsaðstæðum sem eru almennt taldar vera óvenjuhagstæðar um þessar mundir. Fyrir bankahrunið nam vaxtakostnaður ríkisins um 5% af fjárlögum hvers árs og hefur hann því þrefaldast sem hlutfall af heildargjöldum.

Einstakar breytingartillögur eru skýrðar hér á eftir auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

00-201 Alþingi 10,0

1.03 Fastanefndir
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til sérfræðiráðgjafar fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd vegna endurskoðunar stjórnarskrárinnar.

00-201 Alþingi 20,0

1.07 Sérverkefni
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til gerðar kynningarefnis fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um endurskoðun stjórnarskrárinnar sem haldin var 20. október.

00-291 Rannsóknarnefndir Alþingis 190,0

1.01 Rannsóknarnefndir Alþingis
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 190 m.kr. framlag til rannsóknarnefnda Alþingis. Fjárveiting á fjárlögum nam 140 m.kr. en þegar nefndirnar tóku til starfa var ekki ljóst hversu umfangsmikið og tímafrekt starf þeirra yrði. Nú er áætlaður kostnaður á árinu 330 m.kr. Nefndirnar eru tvær, önnur rannsakar Íbúðalánasjóð en hin rannsakar aðdraganda og orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna.

00-295 Saksóknari Alþingis 6,0

1.01 Saksóknari Alþingis
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 6 m.kr. framlag til saksóknara Alþingis. Fjárveiting á fjárlögum var 12 m.kr. en útgjöld embættisins um 18 m.kr. á árinu.

Samtals æðsta stjórn ríkisins 226,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 13,0

6.01 Nýframkvæmdir
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 13 m.kr. fjárheimild verði millifærð til Þjóðgarðsins á Þingvöllum af fjárlagalið 09-989 Ófyrirséð útgjöld vegna kostnaðar við gerð göngubrautar yfir jarðfall í Kárustaðastíg efst í Almannagjá. Í fjárukalögum 2011 voru 23 m.kr. veittar til verksins í samræmi við upphaflega kostnaðaráætlun. Eftir að ljóst varð að verkið yrði mun umfangsmeira en upphaflega var gert ráð fyrir gerði Framkvæmdasýsla ríkisins nýja kostnaðaráætlun í mars 2012. Hún gerði ráð fyrir 29 m.kr. kostnaði en raunkostnaður varð hins vegar rúmlega 36 m.kr. eða um 7 m.kr. hærri. Verkpættir voru fjórir og fóru þrír þeirra fram úr endurmetinni kostnaðaráætlun frá í mars 2012. Meginástæða þess að kostnaður fór svo langt yfir áætlanir er að jarðfallið reyndist mun meira en talið var í upphafi og því þurfti að leita nýrra lausna eftir því sem verkinu miðaði áfram og umfang jarðfallsins kom betur í ljós.

Samtals forsætisráðuneyti 13,0

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

02-451 Framhaldsfræðsla

-124,0

1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Niðurfellt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fella niður 124 m.kr. fjárheimild sem veitt var í fjárlögum 2012 til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu. Ekki er um að ræða styrk til ríkisaðila. Við nánari skoðun þykir ekki rétt að færa styrkveitingar til aðila utan A-hluta ríkissjóðs og ráðstöfun þeirra sem tekjur og gjöld ríkissjóðs, þótt styrkumsóknin og styrkveitingin grundvallist á umsókn íslenska ríkisins um aðild að Evrópusambandinu.

02-720 Grunnskólar, almennt

7,0

1.31 Sérstök fræðsluverkefni

Ákvarðanir ríkisstjórnar

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 7 m.kr. framlag til stuðnings við svokallað SAFT-verkefni í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt um málið þann 31. júlí 2012. Þar var ákveðið að leita eftir fjárveitingu til SAFT-verkefnisins sem í samstarfi við marga aðila vinnur að viðtæku öryggi á netnotkun barna og unglinga. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun. Hér á landi annast Heimili og skóli samhæfingu SAFT-verkefnisins og starfsemi netöryggismiðstöðvar. ESB fjármagnar 75% af kostnaði verkefnisins en krafist er 25% mótframlags samstarfsaðila. Heildarkostnaður við verkefnið árin 2012-2014 er áætlaður um 80 m.kr. og er því áætlað að framlag ríkisins geti numið 21 m.kr. á tímabilinu.

02-982 Listir

12,6

1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis

Lögbundið

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 12,6 m.kr. hækkun á framlagi til heiðurslauna listamanna í samræmi við nýleg lög, nr. 66/2012. Samkvæmt 4. gr. þeirra eru heiðurslaun listamanna veitt listamanni að fullu til sjöttu ára aldurs og skulu launin vera þau sömu og starfslaun listamanna eru á hverjum tíma. Eftir sjötugt verði þau 80% af starfslaunum á mánuði. Nú eru listamannalaun rúm 291 þús.kr. á mánuði eða um 3,5 m.kr. á ári. Heiðurslaun listamanna eru rúmar 1,5 m.kr. á árinu 2012 og hækka því samkvæmt lögunum um tæp 126%. Af þeim 28 sem þiggja heiðurslaun listamanna hafa 24 náð 70 ára aldri og fjórir eru yngri. Lögin tóku gildi í september 2012 og því þarf að hækka framlög til heiðurslauna listamanna um 12,6 m.kr. á árinu 2012 til að geta uppfyllt lögin og er þá miðað við að listamannalaun verði óbreytt út árið.

Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti -104,4

03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis

21,4

1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis

Breyttar forsendur

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 21,4 m.kr. fjárheimild til að ráðstafa 131.200 evra styrk frá Evrópusambandinu vegna þýðingaverkefna. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi óafturkræfur styrkur til íslenska ríkisins frá sambandinu sem færast á tekjuhlíð og hefur verkefnið að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í fjárlögum fyrir árið 2012 var veitt 228,3 m.kr. tímabundið framlag í sama skyni. Sú fjárhæð miðaðist við 1.000.000 evra styrk af IPA-2011 landsáætlun og 400.000 evra styrk af fjölþegaáætlun ESB. Nú er reiknað með að IPA-styrkur ársins 2012 verði 131.200 evrum hærri.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

03-611 Íslandsstofa 1.10 Íslandsstofa <i>Fjármagnað með rikistekjum</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	-4,0	Lögð er til 4 m.kr. lækkun framlags. Í endurskoðaðri áætlun um tekjur af markaðsgjaldi er gert ráð fyrir 4 m.kr. lækkun tekna af gjaldinu. Tekjur af markaðsgjaldi renna óskiptar til Íslandsstofu.
--	-------------	---

Samtals utanríkisráðuneyti 17,4

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	27,0	Gerð er tillaga um 27 m.kr. fjárheimild vegna vinnu erlendar ráðgjafarstofu í tengslum við viðræður Íslands um makrílveiðar. 18. september 2012 var í ríkisstjórn samþykkt minnisblað frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og utanríkisráðherra um að ganga frá samningi við erlenda ráðgjafarfyrirtækið Burson-Marsteller um ráðgjöf vegna Icesave-deilu og makrílviðræðna. Samþykkt var tilboð fyrirtækisins upp á 34.240 pund á mánuði eða um 6,7 m.kr. miðað við daggengi Seðlabanka Íslands. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ber kostnað vegna ráðgjafar í makríldeilunni en hann hljóðar upp á 27 m.kr. fyrir fjóra mánuði á árinu 2012.
--	-------------	---

Samtals sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti 27,0

06-190 Ýmis verkefni 1.55 Rekstur ráðherrabifreiða <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	11,1	Lagt er til að millifærð verði 11,1 m.kr. frá Rekstrarfélagi Stjórnarráðsins til innanríkisráðuneytis í tengslum við tilflutning á umsýslu ráðherrabifreiða. 12. október 2012 samþykkti ríkisstjórnin að fela innanríkisráðuneytinu umsýslu bifreiðamála í Stjórnarráðinu, að því marki sem sú þjónusta hefur verið í höndum Rekstrarfélags Stjórnarráðsins. Með þessu mun ráðuneytið taka að sér kaup, rekstur og viðhald á ráðherrabifreiðum, öryggismál og samskipti við embætti ríkislögreglustjóra í tengslum við akstur ráðherra, afleysingar í forföllum bílstjóra o.fl. Tekur ákvörðun ríkisstjórnarinnar gildi 15. október 2012. Millifærð fjárhæð vegna reksturs reiknast sem hlutfall af árlegum rekstrarkostnaði bifreiðanna. Ekki hefur verið ráðist í kaup á bifreiðum á árinu en farið var í ítarlega úttekt og gerð útboðslýsingar sem kemur til frádráttar. Fjárhæðin reiknast sem árlegt framlag á fjárlögum að frádragnum kostnaði í tengslum við útboðsgerðina.
--	-------------	---

06-303 Ríkislögreglustjóri 1.01 Ríkislögreglustjóri <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	15,0	Gerð er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu til að mæta halla af útgáfu ökuskírteina á þessu ári og því síðasta. Í kjölfar efnahagshrunsins hefur kostnaður við útgáfuna aukist verulega, m.a. vegna þess að innkaupsverð kortanna er bundið gengi á erlendum gjaldeyri.
--	-------------	---

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

06-651 Vegagerðin	25,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. fjárheimild vegna þarfagreiningar og forathugunar til undirbúnings fyrir nýja Vestmannaeyjaferju. Verkefnið snýst um hermun siglinga tilgátuskipa inn í Landeyjahöfn. Markmiðið er að finna rétta stærð og gerð skips fyrir Landeyjahöfn sem getur haldið úti siglingum árið um kring. Mun ódýrara er að halda uppi siglingum í Landeyjahöfn allt árið miðað við skip sem siglir til Þorlákshafnar hluta úr ári. Skip sem siglir til Þorlákshafnar hluta úr ári er mun dýrara auk þess sem rekstrarkostnaður þess yrði mun hærri. Miklir fjárhags- og rekstrarhagsmunir eru af því að rétt gerð af skipi verði fyrir valinu. Með verkefninu er ætlunin að draga úr hættu á því að ráðist verði í smíði eða leigu á skipi sem yrði ekki fullnægjandi. Niðurstöður verkefnisins yrðu í framhaldinu lagðar fram til verkfræðistofa fyrir frumhönnun skipsins og tankprófanir. Vinnuhópur hefur unnið að málinu um hríð með aðstoð skipaverkfræðings og hefur verið gerður samningur við erlenda skipasmíðaaðila um hermunarlíkan sem vænst er að skili niðurstöðum fyrir áramót.</p>
06-671 Flugmálastjórn Íslands	8,8
1.01 Flugmálastjórn Íslands <i>Fjármagnað með ríkistekjum</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Gerð er tillaga um 8,8 m.kr. fjárheimild vegna breytinga á lögum um loftferðir, nr. 60/1998. Með breytingum á 126. gr. c laga um loftferðir sem tóku gildi 11. júní 2012 var Flugmálastjórn Íslands veitt heimild til að innheimta gjald vegna kostnaðar af kvörtunum sem berast frá neytendum á grundvelli laganna. Stofnuninni er heimilt að innheimta gjaldið af viðkomandi þjónustuveitanda sem kvartað er yfir í hlutfalli við fjölda ákvarðana sem af kvörtunum leiðir.</p>
06-821 Þjóðskrá Íslands	125,0
1.01 Þjóðskrá Íslands <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Gerð er tillaga um 125 m.kr. fjárheimild vegna halla stofnunarinnar af útgáfu vegabréfa á þessu ári. Í ár er gert ráð fyrir að útgefin vegabréf verði tæp 54.000 og er innkaupsverð vegabréfabókanna um 215 m.kr. og annar kostnaður við útgáfuna um 68 m.kr. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 30 m.kr. viðbótarframlagi til að auka útgáfuna og kaupa inn um 10.000 bækur umfram þær 33.000 bækur sem keyptar höfðu verið að meðaltali árin áður. Aukin útgáfa vegabréfa í ár og næstu fjögur árin kemur til af því að árið 2006 var gildistími vegabréfa styttr í fimm ár. Á næstu árum koma því til endurútgáfu bæði vegabréf til fimm ára og tíu ára. Stofnuninni hefur ekki tekist að ná tókum á kostnaði við þetta verkefni og hefur myndast viðskiptaskuld við erlendan birgi bókanna sem nemur hátt í 200 m.kr. og greiða þarf niður. Innanríkisráðuneytið og fjármálaráðuneytið fyrirhuga að gera frekari úttekt á fyrirkomulagi og kostnaði við útgáfuna hjá stofnuninni. Einnig er áformað að tekin verði aftur upp vegabréf með tíu ára gildistíma til að draga úr kostnaði við framleiðsluna og kostnaði þeirra sem nota vegabréfin.</p>
06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	141,0
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 141 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög miðað við hlutföll af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni árið 2012. Spáin miðast við að skatttekjur verði 460.182 m.kr. á þessu ári og að álagningarstofn útsvars hafi verið 897.900 m.kr. árið 2012 vegna tekna ársins 2011.</p>

Samtals innanríkisráðuneyti 325,9

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

08-101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-7,5
1.01 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa	
<i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 7,5 m.kr. til landlæknis vegna verkefnisins Miðstöð sjúkraskrár. Embætti landlæknis tók yfir á árinu 2012 þau verkefni sem ráðuneytið hafði með höndum vegna upplýsingatæknimála á sviði heilbrigðisupplýsinga. Um er að ræða framlag vegna 10 mánaða á árinu 2012.
08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-33,0
1.15 Umönnunargreiðslur	
<i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um að fjárheimildin lækki um 33 m.kr. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum liðarins miðað við fyrstu níu mánuði ársins. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 92 m.kr. undir fjárheimild ársins en í frumvarpinu var búið að færa til lækkunar 59 m.kr.
08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-40,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	
<i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að fjárheimildin lækki um 40 m.kr. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum liðarins miðað við útkomu fyrstu níu mánuði ársins. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 62 m.kr. undir fjárheimild ársins en í frumvarpinu stefndu útgjöld ársins í að verða 52 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Hér er lögð til 40 m.kr. lækkun vegna kerfislægra áhrifa en í annarri tillögu er lögð til 74 m.kr. lækkun vegna endurreiknings tekna samkvæmt skattframtölum ársins 2011.
08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-74,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	
<i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að fjárheimildin lækki um 74 m.kr. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 62 m.kr. undir fjárheimild ársins en í frumvarpinu stefndi í að útgjöld ársins yrðu 52 m.kr. umfram fjárheimildir. Í annarri tillögu á sama lið er lögð til 40 m.kr. lækkun vegna kerfislægra áhrifa en hér er lögð til 74 m.kr. lækkun vegna endurreiknings tekna fyrir árið 2011. Þegar frumvarpið var lagt fram lá fyrir mat á endurreikningi bóta vegna tekna ársins 2011 út frá skattframtölum einstaklinga en við endurmat á þeim útreikningi kom í ljós að útgjöld liðarins höfðu verið ofáætluð í frumvarpinu.
08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-332,0
1.41 Heimilisuppbót	
<i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 332 m.kr. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum liðarins miðað við útkomu fyrstu níu mánuði ársins. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 142 m.kr. undir fjárheimild ársins en í frumvarpinu stefndu útgjöld ársins í að verða 229 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Hér er lögð til 332 m.kr. lækkun vegna kerfislægra áhrifa en í annarri tillögu er lögð til 39 m.kr. lækkun vegna endurreiknings tekna samkvæmt skattframtölum ársins 2011.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð -39,0

1.41 Heimilisuppbót
Hagrænt eða kerfislægt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildin lækki um 39 m.kr. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 142 m.kr. undir fjárheimild ársins en í frumvarpinu stefndi í að útgjöld ársins yrðu 229 m.kr. umfram fjárheimildir. Í annarri tillögu á sama lið er lögð til 332 m.kr. lækkun vegna kerfislægra áhrifa en hér er lögð til 39 m.kr. lækkun vegna endurreiknings tekna fyrir árið 2011. Þegar frumvarpið var lagt fram lá fyrir mat á endurreikningi bóta vegna tekna ársins 2011 út frá skattframtölum einstaklinga en við endurmat á þeim útreikningi kom í ljós að útgjöld liðarins höfðu verið ofáætluð í frumvarpinu.

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð -25,0

1.51 Frekari uppbætur
Hagrænt eða kerfislægt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildin lækki um 25 m.kr. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 70 m.kr. undir fjárheimild ársins. Í annarri tillögu á sama lið er lögð til 45 m.kr. lækkun vegna kerfislægra áhrifa en hér er lögð til 25 m.kr. lækkun vegna endurreiknings tekna fyrir árið 2011. Þegar frumvarpið var lagt fram lá fyrir mat á endurreikningi bóta vegna tekna ársins 2011 út frá skattframtölum einstaklinga en við endurmat á þeim útreikningi kom í ljós að útgjöld liðarins höfðu verið ofáætluð í frumvarpinu.

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð -45,0

1.51 Frekari uppbætur
Hagrænt eða kerfislægt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildin lækki um 45 m.kr. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum liðarins miðað við útkomu fyrstu níu mánuði ársins. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 70 m.kr. undir fjárheimild ársins. Hér er lögð til 45 m.kr. lækkun vegna kerfislægra áhrifa en í annarri tillögu er lögð til 25 m.kr. lækkun vegna endurreiknings tekna samkvæmt skattframtölum ársins 2011.

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð -34,0

1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega
Hagrænt eða kerfislægt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildin lækki um 34 m.kr. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 637 m.kr. umfram fjárheimild ársins en í frumvarpinu stefndu útgjöldin í að verða 671 m.kr. umfram fjárheimildir. Hér er lögð til 34 m.kr. lækkun vegna endurreiknings tekna fyrir árið 2011. Þegar frumvarpið var lagt fram lá fyrir mat á endurreikningi bóta vegna tekna ársins 2011 út frá skattframtölum einstaklinga en við endurmat á þeim útreikningi kom í ljós að útgjöld liðarins höfðu verið ofáætluð í frumvarpinu.

08-204 Lífeyrstryggingar 131,0

1.11 Ellilífeyrir
Hagrænt eða kerfislægt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildin hækki um 131 m.kr. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 173 m.kr. umfram fjárheimild ársins en í frumvarpinu stefndu útgjöldin í að verða 42 m.kr. umfram fjárheimildir. Hér er lögð til 131 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna endurreiknings tekna fyrir árið 2011. Þegar frumvarpið var lagt fram lá fyrir mat á endurreikningi bóta vegna tekna ársins 2011 út frá skattframtölum einstaklinga en við endurmat á þeim útreikningi kom í ljós að útgjöld liðarins höfðu verið vanáætluð í frumvarpinu.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

08-204 Lífeyristryggingar 0,0

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega

Hagrænt eða kerfislægt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyristryggingar hækki um 166 m.kr. þar sem áætlað er að tekjur af tryggingagjaldi sem varið er til þessara verkefna lækki jafnmikið miðað við það sem áætlað var í fjárlögum.

08-204 Lífeyristryggingar 139,0

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega

Hagrænt eða kerfislægt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildin hækki um 139 m.kr. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 1.567 m.kr. umfram fjárheimild ársins en í frumvarpinu stefndu útgjöldin í að verða 1.428 m.kr. umfram fjárheimildir. Hér er lögð til 139 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna endurreiknings tekna fyrir árið 2011. Þegar frumvarpið var lagt fram lá fyrir mat á endurreikningi bóta vegna tekna ársins 2011 út frá skattframtölum einstaklinga en við endurmat á þeim útreikningi kom í ljós að útgjöld liðarins höfðu verið vanáætluð í frumvarpinu.

08-204 Lífeyristryggingar -118,0

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega

Hagrænt eða kerfislægt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildin lækki um 118 m.kr. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum liðarins miðað við útkomu fyrstu níu mánuði ársins. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 408 m.kr. undir fjárheimild ársins en í frumvarpinu stefndu útgjöld ársins í að verða 24 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Hér er lögð til 118 m.kr. lækkun vegna kerfislægra áhrifa en í annarri tillögu er lögð til 314 m.kr. lækkun vegna endurreiknings tekna samkvæmt skattframtölum ársins 2011.

08-204 Lífeyristryggingar -314,0

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega

Hagrænt eða kerfislægt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildin lækki um 314 m.kr. Tillagan byggist á endurreikningi samkvæmt skattframtölum 2011. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 408 m.kr. undir fjárheimild ársins en í frumvarpinu stefndi í að útgjöld ársins yrðu 24 m.kr. umfram fjárheimildir. Í annarri tillögu á sama lið er lögð til 118 m.kr. lækkun vegna kerfislægra áhrifa en hér er lögð til 314 m.kr. lækkun vegna endurreiknings tekna fyrir árið 2011. Þegar frumvarpið var lagt fram lá fyrir mat á endurreikningi bóta vegna tekna ársins 2011 út frá skattframtölum einstaklinga en við endurmat á þeim útreikningi kom í ljós að útgjöld liðarins höfðu verið ofáætluð í frumvarpinu.

08-204 Lífeyristryggingar 30,0

1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega

Hagrænt eða kerfislægt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildin hækki um 30 m.kr. Tillagan byggist á endurreikningi samkvæmt skattframtölum 2011. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 87 m.kr. umfram fjárheimildir ársins en í frumvarpinu stefndi í að útgjöld ársins yrðu 73 m.kr. umfram fjárheimildir. Í annarri tillögu á sama lið er lögð til 16 m.kr. lækkun vegna kerfislægra áhrifa en hér er lögð til 30 m.kr. hækkun vegna endurreiknings tekna fyrir árið 2011. Þegar frumvarpið var lagt fram lá fyrir mat á endurreikningi bóta vegna tekna ársins 2011 út frá skattframtölum einstaklinga en við endurmat á þeim útreikningi kom í ljós að útgjöld liðarins höfðu verið vanáætluð í lagafrumvarpinu.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

08-204 Lífeyristryggingar

-16,0

1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega

Hagrænt eða kerfislegt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildin lækki um 16 m.kr. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum liðarins miðað við útkomu fyrstu níu mánuði ársins. Útgjöld liðarins stefna að óbreyttu í að verða 87 m.kr. umfram fjárheimildir ársins en í frumvarpinu stefndu útgjöld ársins í að verða 73 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Hér er lögð til 16 m.kr. lækkun vegna kerfislægra áhrifa en í annarri tillögu er lögð til 30 m.kr. hækkun vegna endurreiknings tekna samkvæmt skattframtölum ársins 2011.

08-204 Lífeyristryggingar

-35,0

1.91 Annað

Hagrænt eða kerfislegt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 35 m.kr. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum liðarins miðað við útkomu fyrstu níu mánuði ársins.

08-206 Sjúkratryggingar

-84,0

1.15 Lyf

Breyttar forsendur

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lögð er til 84 m.kr. lækkun á fjárheimildum liðarins í samræmi við endurmat á áætluðum útgjöldum ársins. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir 1% raunaukningu útgjalda milli ára en að óbreyttu stefnir í 1,5% raunlækkun útgjalda á verðlagi fjárlaga 2012.

08-206 Sjúkratryggingar

785,0

1.16 Lyf með S-merkingu

Breyttar forsendur

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 785 m.kr. viðbótarfjárheimild til S-merktra lyfja. Þar af er áætlaður 325 m.kr. halli vegna nýrra lyfja sem tekin hafa verið upp á árinu án þess gert hafi verið ráð fyrir því við afgreiðslu fjárlaga 2012, auk þess sem eldri lyfjum hefur verið ávísað í nokkrum mæli vegna annarra sjúkdóma en þegar þau voru fyrst tekin í notkun. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir 460 m.kr. umframgjöldum vegna raunvaxtar í útgjöldum liðarins umfram forsendur fjárlaga fyrir árið 2012. Í fjárlögum var gengið út frá 3% raunaukningu milli ára en nú er áætlað að hún verði 9% að nýjum lyfjum frátöldum. Ekki hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að vega á móti auknum útgjöldum liðarins á yfirstandandi ári og stefna útgjöld liðarins í að verða um 6,1 milljarðar kr. á verðlagi fjárlaga fyrir árið 2012.

Núverandi fyrirkomulag á umsýslu S-merktra lyfja hefur verið í gildi frá árinu 2009 en við 2. umræðu fjárlaga þess árs var ákveðið að færa fjárheimildir vegna S-merktra lyfja frá Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri yfir á fjárlagalið sjúkratrygginga. Samhliða þeirri breytingu var gert samkomulag milli Sjúkratrygginga Íslands annars vegar og sjúkrahúsanna tveggja hins vegar um umsýslu á greiðslu kostnaðar vegna S-merktra lyfja. Í samkomulaginu er meðal annars kveðið á um að sjúkrahúsin annist greiðslu kostnaðar fyrir sjúkratryggða vegna S-merktra lyfja en þar segir einnig að fjárveiting vegna þessa kostnaðar og þeirrar aukaumsýslu sem fyrirkomulagi þessu fylgir sé ákveðin í fjárlögum. Einnig er kveðið á um að sérstök kostnaðarnefnd, skipuð aðilum samkomulagsins, ákvarði og endurskoði kostnaðargrunn S-merktra lyfja árlega og skiptingu kostnaðar milli nýrra S-merktra lyfja og S-merktra lyfja sem þegar eru í notkun. Telja verður mikið álitamál hvort þessar breytingar á fyrirkomulagi fjármálastjórnarinnar sem gerðar voru í lok árs 2008 hafi gefið góða raun þar sem á undanförmum árum hefur ítrekað þurft að bæta við fjárheimildum í fjáráukalögum vegna þessa liðar.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

08-301 Landlæknir

7,5

1.01 Landlæknir

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 7,5 m.kr. til landlæknis af lið aðalskrifstofu velferðarráðuneytisins vegna verkefnisins Miðstöð sjúkrarskrár. Embætti landlæknis tók yfir á árinu 2012 þau verkefni sem ráðuneytið hafði með höndum vegna upplýsingatæknimála á sviði heilbrigðisupplýsinga.

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

50,0

6.01 Tæki og búnaður

Ákvarðanir ríkisstjórnar

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 50 m.kr. viðbótarfjárheimild til endurnýjunar á tækjabúnaði á Sjúkrahúsinu á Akureyri sem jafngildir um 70% hækkun miðað við núgildandi fjárlög. Hafa fjárheimildir í fjárlögum til kaupa á stærri og dýrari tækjum spítalans verið á bilinu 60-90 m.kr. á verðlagi hvers árs árin 2005-2011 en á móti hafa útgjöld liðarins verið 65-110 m.kr. fyrir sama tímabil. Tillagan nú felur í sér að fjárheimildir ársins verði 123 m.kr. sem er umtalsvert hærri fjárheimild en varið hefur verið til tækja- og eignakaupa á sjúkrahúsinu undanfarin ár.

08-373 Landspítali

150,0

6.01 Tæki og búnaður

Ákvarðanir ríkisstjórnar

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 150 m.kr. fjárheimild til kaupa og endurnýjunar á tækjabúnaði á Landspítalanum eða sem nemur 60% hækkun fjárheimildar frá núgildandi fjárlögum. Tækjakaup spítalans má flokka á tvo vegu. Annars vegar er um að ræða kaup á tækjabúnaði sem færast sem eignakaup í rekstri og falla undir rekstrarramma spítalans. Þar falla undir margvísleg lækninga- og rannsóknartæki auk húsgagna og tölvubúnaðar svo dæmi séu tekin. Hins vegar eru ýmis stærri og dýrari eignakaup fyrir spítalann sem færð eru sem stofnkostnaður á þetta viðfangsefni, 6.01 Tæki og búnaður. Þegar keypt hafa verið mjög dýr tæki hefur í sumum tilvikum verið veitt sérstök tímabundin fjárveiting í því skyni á þessu viðfangsefni. Sem dæmi má taka að vegna kaupa á nýju sneiðmyndartæki árið 2009 var veitt samtals 200 m.kr. viðbótarfjárheimild í fjárlögum 2009 og fjárlögum 2010.

Samanlagðar fjárheimildir vegna eignakaupa í rekstri og vegna kaupa á tækjum og búnaði sem flokkast sem stofnkostnaður hafa verið á bilinu 340-580 m.kr. frá árinu 2005 á verðlagi hvers árs og eru í núgildandi fjárlögum samtals 469 m.kr.

Þegar litið er til útgjalda þessara liða samanlagt samkvæmt fjárhagsbókhalda Fjársýslu ríkisins hafa þau ávallt verið umtalsvert umfram þær fjárheimildir sem tilgreindar eru vegna eignakaupa og stofnkostnaðar. Frá og með árinu 2009 hafa hins vegar orðið talsverðar breytingar á þróun útgjalda þessara liða. Þannig hafa útgjöld vegna eignakaupa í rekstri lækkað mikið og verið um 65-90 m.kr. eða langt undir fjárheimildum. Lækkunin kann að skýrast að hluta af gjafafé til spítalans, þannig hafi dregið úr fjárþörf frá ríkinu, en einnig því að aðhaldsráðstafanir í rekstri spítalans hafi að einhverju marki falist í því að endurnýjun tækja hafi verið slegið á frest, fremur en að hagrætt hafi verið t.d. í rekstrarumfangi og skipulagi, en slíkt getur aldrei verið varanleg aðhaldsráðstöfun. Útgjöld vegna dýrari tækjakaupa sem teljast til stofnkostnaðar hafa á hinn bóginn aukist mikið árin 2009-2011 samanborið við árin fyrir efnahagshrunið og hafa verið að meðaltali um 740 m.kr. samanborið við 230 m.kr. árin 2005-2007. Hækkunina má m.a. rekja til þess að spítalinn fór í auknum mæli að gera eignaleigu- og rekstrarleigusamninga sem tengdir voru erlendum gjaldmiðlum og hafa því útgjöld vegna þeirra samninga lækkað mikið eftir fall krónunnar árið 2008. Hærri kostnaður vegna tækjabúnaðar endurspeglast því ekki í sama mæli í bættum tækjakosti spítalans.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

08-379 Sjúkrahús, óskipt

30,0

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 30 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar til að mæta hluta framlaga sem greidd hafa verið af honum til Landspítalans vegna aðgerða á konum sem höfðu fengið ígrædda svokallaða PIP-brjóstapúða en þeir eru taldir geta valdið heilsufarsvandamálum. Þegar málið kom fram snemma á þessu ári samþykkti ríkisstjórnin á grundvelli álits landlæknis að öllum konum með ígrædda PIP-púða yrði boðið að þeir yrðu fjarlægðir á vegum opinbera heilbrigðiskerfisins og á kostnað ríkissjóðs, m.a. á þeirri forsendu að það er auðveldara að fjarlægja púðana áður en þeir byrja að leka. Kysu konur ísetningu nýrra brjóstapúða þyrftu þær hins vegar að greiða sjálfar fyrir það þar sem slíkar aðgerðir teljast ekki vera heilbrigðisþjónusta sem fellur undir sjúkratryggingar.

Erfitt er að aðgreina viðbótarkostnaðinn við aðgerðirnar og ákvað velferðarráðuneytið að greiða stofnuninni framlag af þessum safnlið miðað við meðalkostnaðarverð til að tryggja fjárhagslegan grundvöll fyrir því að brugðist væri hratt við þessum heilsufarsvanda og til að gera Landspítalanum betur kleift að komast hjá því að raska að ráði framgangi annarra skurðlækningaaðgerða.

Ráðuneytið hefur til ráðstöfunar um 54 m.kr. fjárheimild á safnliðnum til að mæta slíkum tilfallandi kostnaði á árinu. Í lok október höfðu 69 m.kr. verið nýttar af liðnum þannig að umframgjöld hans voru orðin 15 m.kr. Þar af voru greiddar 42,1 m.kr. til Landspítalans fyrir 102 aðgerðir á tímabilinu febrúar til september. Dregið hefur mjög úr umsóknum um aðgerðir þannig að sýnt þykir að þær verði mun færri en reiknað var með í byrjun þar sem talið var að hátt í 400 konur væru með PIP-brjóstapúða. Þó er miðað við að allt að nokkrir tugir kvenna í viðbót kunni að sækjast eftir aðgerð sem e.t.v. verði þá greitt fyrir að hluta af fjárheimild liðarins á seinni hluta þessa árs eða á næsta ári. Miðað við áætlun um að allt að 50 konur í viðbót sækist eftir aðgerð gæti framlag til Landspítalans af þessum lið orðið allt að 60 m.kr. miðað óbreyttar forsendur. Fjárheimildin sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu er ætluð til að styrkja stöðu safnliðarins og gera betur kleift að standa undir þessum framlögum án þess að flytja þurfi teljandi umframgjöld til næsta árs.

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

15,1

1.01 Hjúkrunarheimili, almennt

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 15,1 m.kr. framlag vegna aukins umfangs vistunarmatsnefnda við mat í hvíldarrými. Með frumvarpi til breytinga á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, á vorþingi 2012 var lagt til að vistunarmatsnefndir fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými yrðu sameinaðar í eina nefnd og var ekki gert ráð fyrir að útgjöld mundu aukast vegna þessa. Í meðförum þingsins var hins vegar gerð sú breyting á frumvarpinu að vistunarmatsnefndirnar skyldu einnig meta einstaklinga í hvíldarrýmum en slíkt var ekki á verkefnasviði vistunarmatsnefnda áður. Áætlað er að árlegur viðbótarkostnaður vegna mats í hvíldarrými verði um 25,8 m.kr. en gert er ráð fyrir að 15,1 m.kr. falli til á árinu 2012. Samtals nema árleg útgjöld vegna vistunarmatsnefndanna 79,5 m.kr. Útgjöld vegna vistunarmatsnefnda eru einkum laun starfsmanna nefndanna sem og laun nefndarmanna en þeir fá greitt fyrir hvert afgreitt mat. Því til viðbótar kemur annar kostnaður, svo sem vegna aðstöðu nefndanna og vistunar tölvukerfis. Á árinu 2011 var 1.471 einstaklingur tekinn inn í hvíldarrými og er gert ráð fyrir að matsfjöldi í hvíldarrými á árinu 2012 verði um 1.500.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

08-700 Heilbrigðisstofnanir -22,0

6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Niðurfellt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að 22 m.kr. fjárheimild vegna framkvæmda á heilbrigðisstofnuninni falli niður en framkvæmdum er lokið.

08-700 Heilbrigðisstofnanir -14,5

6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Niðurfellt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að 14,5 m.kr. framlag vegna framkvæmda hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga verði fellt niður. Til ráðstöfunar eru 73 m.kr. yfirfærðar afgangsheimildir fyrri ára sem nýtast munu til að greiða þann kostnað sem til fellur á árinu 2012.

08-700 Heilbrigðisstofnanir -60,4

6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Niðurfellt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að 60,4 m.kr. framlag vegna framkvæmda hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands verði fellt niður. Til ráðstöfunar eru 37 m.kr. yfirfærðar afgangsheimildir fyrri ára sem nýtast munu til að greiða þann kostnað sem til fellur á árinu 2012.

08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður 257,0

1.11 Atvinnuleysisbætur

Breyttar forsendur

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 257 m.kr. viðbótarfjárheimild til að leiðrétta atvinnuleysisbætur fólks sem samhliða hlutastarfi fékk greiddar atvinnuleysisbætur á tímabilinu frá september 2010 til október 2012. Við innleiðingu á breytingum á atvinnuleysisbótum í mánaðargreiðslur í stað reiknaðra daga á árinu 2010 áttu sér stað mistök við útreikning bóta hjá einstaklingum sem fengu hlutaatvinnuleysisbætur. Mistökin voru þau að skerðing atvinnuleysisbóta vegna tekna reiknaðist of mikil sem leiddi til þess að lægri atvinnuleysisbætur voru greiddar út en hefði átt að vera. Vinnumálastofnun greiddi út leiðréttingu á bótum í byrjun októbermánaðar sem nú er óskað fjárheimildar fyrir.

08-853 Ábyrgðasjóður launa -300,0

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota

Hagrænt eða kerfislægt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 300 m.kr. til viðbótar við 450 m.kr. lækkun í frumvarpinu. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum í ljósi útkomu fyrstu níu mánaða ársins.

Samtals velferðarráðuneyti 1,2

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa 2,5

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Ákvarðanir ríkisstjórnar

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

9. október sl. samþykkti ríkisstjórnin tillögu velferðarráðherra um aðgerðaáætlun um launajafnrétti kynjanna. Meðal tillagna var stofnun sérfræðiteymis í fjármála- og efnahagsráðuneyti til að aðstoða við launagreiningar og innleiðingu jafnlaunastaðalsins. Ríkisstjórnin samþykkti tillögu um árlega fjárveitingu til ráðningar tveggja sérfræðinga til að annast umrædd verkefni.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa 24,0

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði samtals 24 m.kr. af þremur safnliðum ráðuneytisins: 7 m.kr. af 09-212-1.01 Skatta- og tollamál, 7 m.kr. af 09-999-1.13 Kjarasamningar og 10 m.kr. af 09-999-1.90 Ýmis verkefni. Tillagan er lögð fram vegna mála sem aðalskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur þurft að taka að sér og fyrir séð er að þurfi að sinna um ótilgreindan tíma. Viðfangsefni ráðuneytisins hafa þyngst og þeim fjölgað frá efnahagshruni. Þetta hefur kallað á aukin umsvif á aðalskrifstofunni og við því hefur þurft að bregðast í starfsmannhaldi. Meðal verkefna má nefna aukið vægi lána- og skuldastýringar, gerð og eftirfylgni langtímaáætlunar í ríkisfjármálum, skattamál, heildarendurskoðun löggjafar um opinber fjármál og þyngri verkefni á vettvangi starfsmannamála ríkisins. Ekki hefur í öllum tilvikum reynst mögulegt að sleppa því að ráða starfsfólk í stað þeirra sem hafa hætt, sem aftur hefur leitt til þess að erfiðara hefur verið að ná settum aðhaldsmarkmiðum. Ráðuneytið hefur á undanförunum árum gengið á uppsafnaðar fjárheimildir en nú er svo komið að fjármagna þarf varanlega aukna starfsemi með nýjum fjárveitingum eða millifærslu af safnliðum sem ætlaðir eru að mæta ófyrirséðum útgjöldum eða veikleika í starfsemi. Lagt er til að fara seinni leiðina og millifæra af þremur safnliðum.

09-103 Fjársýsla ríkisins 1,3

1.01 Almennur rekstur

Ákvarðanir ríkisstjórnar

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

9. október sl. samþykkti ríkisstjórnin tillögu velferðarráðherra um aðgerðaáætlun um launajafnrétti kynjanna. Meðal ákvarðana var að ráða sérfræðing til Fjársýslu ríkisins sem hefur það hlutverk að sjá um starfa- og atvinnugreinaflokkun í mannauðskerfi ríkisins til þess að unnt verði að gera heildstæðari og áreiðanlegri launakannanir. Ríkisstjórnin samþykkti tillögu um árlega fjárveitingu til ráðningar sérfræðings til að annast umrætt verkefni.

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld -7,0

1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 7,0 m.kr. af safnliðnum á aðalskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ráðuneytið hefur þurft að takast á við aukinn fjölda verkefna, þar á meðal vegna endurskoðunar ýmissa skattamála. Að öðru leyti er vísað til skýringa við lið 09-101-1.01.

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða -54,0

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Fjármagnað með ríkistekjum

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lögð er til 54 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild hans í tekjum af tryggingagjaldi sem fjármagna þessi framlög. Í endurskoðaðri áætlun í október 2012 er tryggingagjaldsstofn næstliðins árs áætlaður 825.000 m.kr. Framlag til jöfnunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða er því áætlað 2.610 m.kr. eða 0,325% af stofninum að teknu tilliti til 97,3% innheimtuhlutfalls.

09-721 Fjármagnstekjuskattur -550,0

1.11 Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnað með ríkistekjum

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arði og söluhagnaði eigna lækki um 550 m.kr. á rekstrargrunni og verði 4.230 m.kr. Gert er ráð fyrir því að greiðsla vegna fjármagnstekjuskatts lækki um 520 m.kr. og verði 4.130 m.kr. Fjármagnstekjuskatturinn færir einnig á tekjuhlíf ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

09-971 Ríkisábyrgðir
6.01 Ríkisábyrgðir
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

3.107,0

Við fall viðskiptabankanna þriggja, Landsbanka Íslands hf., Glitnis hf. og Kaupþings banka hf., var í eigu lífeyrissjóða og fleiri aðila allmikill fjöldi skuldabréfa sem bankarnir höfðu gefið út meðan þeir voru enn í eigu ríkisins, þ.e. áður en þeir voru gerðir að hlutafélögum í ársbyrjun 1998. Ríkisábyrgð hvíldi því á þessum skuldabréfum. Lagt er til að veitt verði 3.107 m.kr. fjárheimild vegna gjaldfærslu á ríkisábyrgðum á lánum sem ríkissjóður mun taka yfir vegna falls Kaupþings banka hf. Ríkissjóður mun eftir sem áður gera kröfur í þrotabú bankans um endurheimtur. Gjaldfærslan er þrískipt.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að gjaldfærsla á uppreiknuðum höfuðstól þessara ábyrgða, sem nemur 1.694 m.kr., verði talin fram í ríkisreikningi ársins 2012 með einni uppgjörsfærslu. Felur það í sér að afborganir og uppgreiðslur á slíkum lánum muni framvegis ekki fara í gegnum rekstrarreikning ríkissjóðs með framlögum til Ríkisábyrgðasjóðs. Engar greiðslur úr ríkissjóði eiga sér stað í tengslum við þessa gjaldfærslu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að greiða Arion banka það sem hann hefur lagt út vegna skuldabréfanna árin 2008-2011 sem nemur um 1.220 m.kr. Við fall viðskiptabankanna þriggja var samið við nýju bankana, arftaka hinna föllnu banka, um að þeir héldu áfram að greiða af skuldabréfunum á gjalddögum, með sama hætti og hinir föllnu bankar höfðu gert, gegn því að ríkið endurgreiðdi síðan nýju bönkunum það sem þeir þannig legðu út. Það gekk eftir varðandi nýja Landsbankann og Íslandsbanka, allt þar til ríkið tók ákvörðun um að yfirtaka hin ríkistryggðu skuldabréf árið 2010. Gjaldfærðir voru um 27,5 milljarðar kr. sökum þess í ríkisreikningi ársins 2010. Skuldabréf Kaupþings banka hf. og það sem Arion banki hf. hefur útlagt vegna bréfanna var aftur á móti ekki yfirtekið á sama hátt og skuldabréf hinna bankanna. Ástæður þess voru einkum þær að mjög hafði dregist að Arion banki endurkrefði ríkið. Þegar krafa loks barst skorti verulega á að gögn sem fylgdu væru nægilega skýr til þess að það réttlætti greiðslu úr Ríkisábyrgðasjóði og voru því skuldabréf Kaupþings undanskilin við yfirtökuna árið 2010. Ríkisábyrgðasjóður hefur nú fengið viðeigandi gögn frá Arion banka til að taka yfir skuldabréf Kaupþings hf. og gera þarf ráð fyrir því að greiða Arion banka það sem hann hefur lagt út vegna skuldabréfanna árin 2008-2011. Það munu vera um 1.220 m.kr. Ekki hafa verið reiknaðir vextir á þá fjárhæð.

Í þriðja lagi hefur ríkissjóður það sem af er árinu greitt af skuldabréfum Kaupþings sem nemur um 111,5 m.kr. Samtals, að meðtöldum þeim gjalddögum sem eiga eftir að falla til, mun ríkissjóður greiða um 193 m.kr. á árinu. Þetta eru greiðslur af höfuðstól og vextir af skuldabréfum með ríkisábyrgð sem ríkissjóður hefur enn ekki yfirtekið. Þegar ríkissjóður tekur skuldabréfin yfir er heildargreiðslan færð á gjaldalið ríkisábyrgða en eftir yfirtökuna færast höfuðstólsgreiðslur af lánum eins og greiðslur afborgana af öðrum lánum ríkissjóðs og vaxtagjöld af bréfunum færast með vaxtagjöldum af öðrum lánum ríkissjóðs.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

09-980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsins -11,1

1.01 Rekstrarfélag Stjórnarráðsins

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærð verði 11,1 m.kr. frá Rekstrarfélagi Stjórnarráðsins til innanríkisráðuneytis, á lið 06-190, í tengslum við tilflutning á umsýslu ráðherrabifreiða. 12. október 2012 samþykkti ríkisstjórnin að fela innanríkisráðuneytinu umsýslu bifreiðamála í Stjórnarráðinu, að því marki sem sú þjónusta hefur verið í höndum Rekstrarfélags Stjórnarráðsins. Með þessu mun ráðuneytið taka að sér kaup, rekstur og viðhald á ráðherrabifreiðum, öryggismál og samskipti við embætti ríkislögreglustjóra í tengslum við akstur ráðherra, afleysingar í forföllum bílstjóra o.fl. Tekur ákvörðun ríkisstjórnarinnar gildi 15. október 2012. Millifærð fjárhæð vegna reksturs reiknast sem hlutfall af árlegum rekstrarkostnaði bifreiðanna. Ekki hefur verið ráðist í kaup á bifreiðum á árinu en farið var í ítarlega úttekt og gerð útboðslýsingar sem kemur til frádráttar. Fjárhæðin reiknast sem árlegt framlag á fjárlögum að frádrögnum kostnaði í tengslum við útboðsgerðina.

09-989 Ófyrirséð útgjöld -577,0

1.90 Ófyrirséð útgjöld

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 577 m.kr. af safnlið ráðuneytisins á liðinn 09-999-160 Dómkröfur til að greiða ÍAV/NCC eftir að Hæstiréttur dæmdi íslenska ríkið til að greiða félögunum skaðabætur vegna missis hagnaðar sem félögin urðu fyrir þegar Vegagerðin hafnaði öllum tilboðum í gerð Héðinsfjarðarganga. Skaðabæturnar nema 259 m.kr. með dráttarvöxtum, en dráttarvextir samkvæmt fyrirliggjandi útreikningum nema um 318 m.kr. Að öðru leyti er vísað til skýringa við lið 09-999-1.60.

09-989 Ófyrirséð útgjöld -13,0

1.90 Ófyrirséð útgjöld

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að 13 m.kr. fjárheimild verði millifærð til Þjóðgarðsins á Þingvöllum á fjárlagalið 01-902 vegna kostnaðar við gerð göngubrautar yfir jarðfall í Kárastaðastíg efst í Almannagjá. Í fjárukalögum fyrir árið 2011 voru 23 m.kr. veittar til verksins í samræmi við upphaflega kostnaðaráætlun, en þá hafði ekki komið í ljós hve umfangsmikið jarðfallið reyndist vera. Endurnýjuð kostnaðaráætlun Framkvæmdasýslu ríkisins frá í mars 2012 gerði ráð fyrir 29 m.kr. kostnaði. Raunkostnaður varð hins vegar rúmlega 36 m.kr. Verkhættir voru fjórir og fóru þrír þeirra fram úr endurmetinni kostnaðaráætlun síðan í mars 2012. Meginástæða þess að kostnaður fór svo langt yfir áætlanir er að jarðfallið reyndist mun meira en talið var í upphafi og því þurfti að leita nýrra lausna eftir því sem verkinu miðaði áfram og umfang jarðfallsins kom betur í ljós.

09-999 Ýmislegt -7,0

1.13 Kjarasamningar

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 7 m.kr. af safnliðnum á aðalskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ráðuneytið hefur þurft að takast á við aukinn fjölda verkefna, þar á meðal vegna starfsmannamála ríkisins. Að öðru leyti er vísað til skýringa við lið 09-101-1.01.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

09-999 Ýmislegt 78,0

1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 78 m.kr. Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum eru í eigin áhættu ríkissjóðs, en erfitt er að áætla útgjöld á þessum lið sem geta verið mjög breytileg á milli ára. Útgjaldaaukinn stafar annars vegar af greiðslu skírteinistryggingar og hins vegar fleiri kröfum á grundvelli reglna um slysatryggingar starfsmanna ríkisins nr. 30/1990 og 31/1990.

09-999 Ýmislegt 577,0

1.60 Dómkröfur

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 577 m.kr. af safnlið ráðuneytisins 09-989-1.90 Ófyrirséð útgjöld til að greiða ÍAV/NCC eftir að Hæstiréttur dæmdi íslenska ríkið til að greiða félögunum skaðabætur vegna missis hagnaðar sem félögin urðu fyrir þegar Vegagerðin hafnaði öllum tilboðum í gerð Héðinsfjarðarganga. Skaðabæturnar nema 259 m.kr. með dráttarvöxtum, en dráttarvextir samkvæmt fyrirliggjandi útreikningum nema um 318 m.kr.

Forsaga málsins er sú að árið 2003 var haldið útboð um gerð Héðinsfjarðarganga og meðal félaga sem gerðu tilboð voru ÍAV/NCC. Seinna sama ár tilkynnti Vegagerðin að öllum tilboðum væri hafnað vegna frestunar á framkvæmdum sökum þess að þensluástand væri í uppsiglingu í þjóðfélaginu og Vegagerðin fengi ekki nauðsynlegt fjármagn til framkvæmdanna. Málið fór í framhaldi fyrir kærunefnd útboðsmála og fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sem sýknaði Vegagerðina af kröfum með dómi árið 2005. ÍAV/NCC skutu málinu til Hæstaréttar sem seinna sama ár viðurkenndi skaðabótaskyldu Vegagerðarinnar.

Árið 2006 bauð Vegagerðin á ný út gerð Héðinsfjarðarganga og bauð ÍAV aftur í verkið en var með hæsta tilboð, og var því samið við annað félag. ÍAV/NCC stefndu íslenska ríkinu til greiðslu skaðabóta í október 2007 og var íslenska ríkið sýknað með dómi héraðsdóms í júní 2011. Félögin skutu málinu til Hæstaréttar í júlí sama ár og í september sl. var fallist á varakröfu félaganna um að íslenska ríkinu bæri að greiða félögunum 259 m.kr. með dráttarvöxtum frá október 2007 til greiðsludags en þeir nema um 318 m.kr.

09-999 Ýmislegt -10,0

1.90 Ýmis verkefni

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 10 m.kr. af safnliðnum á aðalskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ráðuneytið hefur þurft að takast á við aukinn fjölda verkefna að undanförmu og gengið á uppsafnaðar fjárheimildir. Fyrirséð er að mörgum þeirra verður áfram sinnt af aðalskrifstofu ráðuneytisins um ótilgreindan tíma. Að öðru leyti er vísað til skýringa við lið 09-101-1.01.

Samtals fjármálaráðuneyti 2.560,7

11-599 Ýmis ferðamál -37,0

1.51 Háskólafélag Suðurlands, verkefnið Katla-Jarðvangur

Niðurfellt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Niður fellur 37 m.kr. fjárheimild sem veitt var í fjárlögum 2012 til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu. Ekki er um að ræða styrk til ríkisaðila. Við nánari skoðun þykir ekki rétt að færa styrkveitingar til aðila utan A-hluta ríkissjóðs og ráðstöfun þeirra á mótteknum styrkjum sem tekjur og gjöld ríkissjóðs þótt styrkumsóknin og styrkveitingin grundvallist á umsókn íslenska ríkisins um aðild að sambandinu.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

11-999 Ýmislegt

61,1

1.90 Ýmislegt

Breyttar forsendur

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 61,1 m.kr. fjárheimild til að ráðstafa 379.755 evra IPA-styrk frá Evrópusambandinu vegna fyrirframgreiðslu á árinu til undirbúnings á hugsanlegri þátttöku Íslands í byggðastefnu og uppbyggingarsjóðum sambandsins. Á móti þessari fjárheimild kemur óafturkræfur styrkur frá Evrópusambandinu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis sem ráðuneytið mun deila út til velferðaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Byggðastofnunar, Rannís, Ríkisendurskoðunar og Rekstrarfélags Stjórnarráðsins.

Samtals iðnaðarráðuneyti 24,1

12-402 Fjármálaeftirlitið

68,0

1.01 Fjármálaeftirlitið

Lögbundið

Samþykkt af ríkisstjórn

Fagráðuneyti

Gerð er tillaga um 68 m.kr. fjárheimild vegna kostnaðar Fjármálaeftirlitsins í tengslum við vinnu vegna aðgerða á grundvelli neyðarlaga, nr. 125/2008. Fjármálaeftirlitið hefur greitt ýmsan áfallinn kostnað vegna ráðstafana sem stofnunin hefur þurft að grípa til á fjármálamarkaði frá falli bankanna í október 2008. Samkvæmt 10. mgr. 5. gr. laganna, sem tóku gildi 7. október 2008, bar ríkissjóður ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 5. gr. Ákvæðið heimilar stofnuninni að grípa til sérstakra ráðstafana telji hún þess þörf vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Ákvæðið var fellt úr gildi með lögum nr. 44/2009, sem tóku gildi 22. apríl 2009, en í staðinn kom inn samsvarandi bráðabirgðaákvæði IV í lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Það bráðabirgðaákvæði féll úr gildi árið 2010 en efni þessi er nú í VI. bráðabirgðaákvæði laganna og kveður sem fyrir á um að ríkissjóður beri ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins vegna sérstakra ráðstafana sem stofnunin grípur til á fjármálamarkaðnum.

Umræddur kostnaður er í tveimur liðum. Í fyrsta lagi er um að ræða kostnað vegna sex skilanefnda sem skipaðar voru á grundvelli laganna, þ.e. fyrir Landsbankann, Íslandsbanka, Kaupþing, Straum, Sparisjóðabankann og SPRON. Heildarkostnaður vegna þeirra nam fram til ársins 2009 um 383 m.kr. en það ár var lögum um fjármálafyrirtæki breytt með þeim hætti að kostnaður vegna skilanefnda fluttist frá Fjármálaeftirlitinu til gömlu bankanna. Eftir dóm Hæstiréttar frá því í mars 2011 er ljóst að Fjármálaeftirlitið getur ekki fengið útlagðan kostnað ársins 2009 vegna skilanefndanna greiddan úr búunum en eftirlitið hafði gert þá kröfu í bú gamla Landsbankans. Í öðru lagi er um að ræða ýmsan annan kostnað vegna yfirtöku viðskiptabankanna, svo sem við sérfræðiþjónustu, öryggisgæslu og tölvuþjónustu, og nemur hann á fjögurra ára tímabili um 252 m.kr. Heildarkostnaður stofnunarinnar nam í árslok 2011 um 635 m.kr. en greiðslur úr ríkissjóði vegna vinnu á grundvelli laganna nema nú um 567 m.kr. Þær voru greiddar út samkvæmt fjáráukalögum 2008, eða 549 m.kr., og fjáráukalögum 2009, eða um 18 m.kr. Eftir standa um 68 m.kr. sem stofnunin þarf að gera skil á til eftirlitsskyldra aðila. Heildarkostnaður ársins liggur hins vegar ekki fyrir.

Skýringar við einstakar breytingartillögur.

12-501 Hagstofa Íslands -36,0

1.01 Hagstofa Íslands
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 36 m.kr. lækkun vegna tafa sem orðið hafa á afgreiðslu á umsókn Hagstofunnar um styrk til að gera endurbætur á þjóðhagsreikningum. Samningurinn verður ekki undirritaður fyrr en í nóvember eða desember 2012 en það átti að gerast um mitt ár og er því gert ráð fyrir að verkefnið frestist sem þessu nemur. Breytingin hefur áhrif á tekjur og gjöld þar sem um IPA-styrk er að ræða.

Samtals efnahags- og viðskiptaráðuneyti 32,0

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa 10,0

1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu vegna nýrra verkefna ráðuneytisins í ljósi breytinga á ráðuneytinu sem tóku gildi 1. september 2012, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 100/2012. Þau nýju verkefni sem tekin voru upp í forsetaúrskurðinn, og voru því ekki áður afmarkað starfssvið hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti, en voru falin ráðuneytinu með öðrum verkefnum sem fluttust úr þeim ráðuneytum við breytingarnar á Stjórnarráðinu 1. september, eru mótun sjálfbærni viðmiða um nýtingu náttúrulegra auðlinda og mótun og framfylgd skipulags á haf- og strandsvæðum.

14-211 Umhverfisstofnun 9,0

1.01 Umhverfisstofnun
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 9 m.kr. fjárveitingu vegna nýrra og aukinna verkefna vegna laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, sem tóku gildi þann 3. júlí 2012. Reiknað er með auknum kostnaði hjá Umhverfisstofnun við að framkvæma og fylgja eftir þeim breytingum sem kveðið er á um í frumvarpinu. Með rýmkuð á gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda sem felur í sér fleiri aðila sem undir það heyra og aukinni útfærslu ákvæða sem um kerfið gilda verða almenn verkefni stofnunarinnar á þessu sviði viðameiri, svo sem í tengslum við upplýsingagjöf og leiðbeiningar, úthlutun losunarheimilda, rekstur skráningarkerfis og almenna umsýslu. Auknar kröfur eru einnig gerðar til vöktunar á losun, skýrslugjafar um hana og óháða vottun gagna. Ekki liggur fyrir heildstæð áætlun um þann kostnað en lausleg áætlun gerir ráð fyrir 18-20 m.kr. aukningu rekstrarkostnaðar vegna fjölgunar um tvö stöðugildi með starfstengdum kostnaði.

Samtals umhverfisráðuneyti 19,0

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs -4.385,0

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs
Hagrænt eða kerfislægt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Endurmat á áætlun í október um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2012 felur í sér að útgjöldin verði töluvert lægri en gert var ráð fyrir í frumvarpinu, og er lagt til að fjárheimild verði lækkuð um sem nemur 4.385 m.kr. á rekstrargrunni og 3.276 m.kr. á greiðslugrunni. Lækkun vaxtakostnaðar á innlendum skuldum ríkissjóðs skýrist helst af því að vaxtakjör á ríkisbréfum hafa verið betri en reiknað var með en einnig af lægri útgáfu en gert var ráð fyrir. Vaxtakjör á erlendum lánum ríkissjóðs urðu einnig þó nokkuð hagstæðari á árinu en gert var ráð fyrir í áætlun um vaxtagjöld fyrr á árinu.

Samtals vaxtagjöld ríkissjóðs -4.385,0

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 5. nóv. 2012.

Björn Valur Gíslason,
form., frsm.

Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Lúðvík Geirsson.

Valgerður Bjarnadóttir.

Björgvin G. Sigurðsson.